

## Náttúrugreinar

Kennarar: Anna Sigríður Pálsdóttir, Brynja Blumenstein og Ragnheiður Eiríksdóttir

**Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.**

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kenndar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli. Náttúrugreinar eru að meðaltali 3 kennslustundir í viku. Dæmi um viðfangsefni í náttúrugreinum eru: skólinn og nánasta umhverfi, árstíðir, þrösturinn, líkaminn, köngulóin, veður og vatn.

**Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að læra?**

Nám í náttúruvísindum sameinar þekkingu, leikni og siðferðilegt viðhorf til umhverfisins. Meginmarkmiðið er að efla forvitni, virðingu og ábyrgð nemenda svo þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um tengsl manns og náttúru. Lögð er áhersla á vísindalæsi, gagnrýna hugsun og skilning á því að vísindaleg þekking sé í stöðugri þróun. Kennslan á að vera heildstæð, fara fram jafnt innan sem utan skólastofunnar og nýta sér sérstöðu íslenskrar náttúru til náms og upplifunar.

**Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?**

Bækur:

- Komdu og skoðuðu líkamann
- Vinur minn, vindurinn
- Halló heimur 1, lestrarbók: Umhverfið okkar, Endurvinnsla, Matarsóun, Umhverfisvernd
- Halló heimur 1, Vinnubók: Svona geri ég, Endurvinnsla, Verndum Jörðina
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:
- Vatn

Gögn:

- Myndefni í tengslum við námsefnið,

Ferðir:

- Gengið um nánasta umhverfi skólans, Öskjuhlíðin, Sýning um vatnið í Perlunni

**Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum**

Í náttúrugreinum er stuðst við Byrjendalæsi, þar sem unnið er með hlustun, lestur, tal og ritun sem eina samfellda heild. Markmiðið er að efla orðaforða og lesskilning í gegnum merkingarbæra texta (fræðitexta fyrir börn) og barnabækur. til að efla orðaforða, lesskilning og vísindalæsi í gegnum þrjú stig:

1. Inntak: Texti lesinn 2–3 sinnum. Forsíða og myndir rýndar til að virkja fyrri þekkingu og útskýra hugtök.
2. Úrvinnsla: Unnið með lykilorð og tæknilega þætti málsins (stafi, orðhluta, orðasúpur) til að festa heiti og hugtök í minni.
3. Enduruppbygging: Nemendur skapa eigin afurð, t.d. með nýrri textagerð, tjáningu eða verkefnum

sem sýna skilning á efninu.

Áhersla: Sýnileg markmið og fjölbreytt stöðvavinna (orðaspil, dagblaðavinna, krítartöfluverkefni).

## Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Framvinda nemenda í náttúrugreinum er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms, þar sem vinna nemenda, þáttaka í umræðum og hópastarfi er metin. Matið er símat, gert jafnt og þétt allan veturinn.

Nemendur fá styðjandi endurgjöf þegar námsefnið er nemendunum enn í ferskt í minni.

Námsmat birtist nemendum jafnt og þétt yfir árið inn á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldravíddöllum.

## Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið í náttúruvísindum eru sett fram í sex flokkum þ.e. vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild.

Endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla 2024

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum fyrir 1. bekk: Að nemandi geti með aðstoð...

- notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu,
- framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum,
- kynnt niðurstöður einfaldra athugana og upplýsingaöflunar og tekið þátt í umræðu um efnið,
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi,
- rætt helstu einkenni lífvera,
- lýst byggingu og starfsemi mannlíkamans á einfaldan hátt,
- tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.

Ítarleg viðmið á [Mentor.is](https://mentor.is)